

3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 4 5. janúar 1977, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 12. desember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. grein laga nr. 108 31. desember 1973, sbr. lög nr. 80 23. júní 1969, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt lækni- starfi við heilsugæslustöð fulla 4 mánuði að loknu námi í læknaeild og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 201 22. maí 1978 er hér með úr gildi felld.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um grandaraspil, öryggisbúnað við línu- og netaspil, öryggi í hringnótas- skipum og radarspegla á opnum bátum.

1. gr.

Grandaraspil.

Skuttogarar skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slyshættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.